



# UST

Umhverfisstofnun

Environmental and Food Agency of Iceland

Deildarhlíð 14  
101 Reykjavík

6403410 (01) 2000  
6403410 (01) 2000

Umhverfisstofnun Búnaðar

www.ust.is

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. <u>HG</u>
26 JULI 2004
45.10
Tilv. <u>UST20040700067</u>

26. júlí 2004

Tilvísun: UST20040700067/hg

## Breyting á starfsemi Rifóss

Umhverfisstofnun hefur borist bréf Skipulagsstofnunar, dags. 13. júlí s.l., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort breyting á framleiðslu Rifóss hf, Lónum í Kelduhverfis sé háð mati á umhverfisáhrifum. Í starfsleyfi fyrirtækisins er heimild til framleiðslu allt að 700 tonnum af laxi. Rifós hf framleiðir 497 tonn af laxi í 40.140 rúmmetra eldiskvíum. Starfsleyfið er ekki fullnýtt, og því óskar fyrirtækið eftir því að framleiða bleikju í þeim 12.000 rúmmetrum sem eftir eru. Væntanlegt mengunarálag af völdum bleikjueldis er minna en af völdum laxeldis, þar sem bleikjunni er slátrað 500-1000 g og fódurstuðull bleikjueldisins er 1,1 en laxeldisins 1,5.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir gögn málsins og telur víst að ekki verði meiri losun úrgangsefna og fæðuleifa frá blönduðu eldi með 500 tonn lax og 200 tonn bleikju, en það sem þegar er leyft vegna 700 tona laxeldisins. Bleikjan er af íslenskum stofni og mun því ekki hafa neikvæð áhrif á náttúrulegt umhverfi sitt, sleppi hún úr eldinu. Umhverfisstofnun telur að þessi breyting á rekstri fyrirtækisins muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst,  
f.h. Umhverfisstofnunar,

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður

  
Olafur Arnason